

Eins og alkunnugt má telja, þar eð það hefir verið auglýst í Lögbirtingablaðinu, hefir nefndur Símon Guðmundsson framselt bú sitt til gjaldþrotaskipta, en þrotabú hans kemur að öllu leyti í hans stað að því, er snertir fjárkröfur á hendur öðrum mönnum og verður ákærður því dæmdur til þess að greiða þrotabúi Símonar framangreinda skaðabótarkröfu, sem hann hefir samþykkt.

Loks greiði ákærður allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið, en fyrir drætti þeim, sem varð á málshöfðuninni, er gerð grein í prófum málsins.

Föstudaginn 17. maí 1935.

Nr. 22/1935. **Valdstjórnin** (Bjarni Þ. Johnson)

gegn

Þorbergi Sigurdór Magnússyni

(Jón Ásbjörnsson)

og

Guðmundi Ögmundssyni

(Lárus Fjeldsted)

Bifreiðarlagabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 10. jan. 1935: Kærður Þorbergur Sigurdór Magnússon greiði 50 krónur í sekt til ríkissjóðs og komi einfalt fangelsi í 3 daga í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Kærður Guðmundur Ögmundsson greiði 30 krónur í sekt til ríkissjóðs og komi einfalt fangelsi í 2 daga í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hinir kærðu greiði annar fyrir báða og báðir fyrir annan allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Brot kærða Þorbergs Magnússonar varða við 3. málsg. 31. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur og

5. og 15. gr. laga nr. 70/1931, og þykir refsing hans fyrir þau hæfilega ákveðin, samkvæmt 96. gr. nefndrar lögreglusamþykktar og 14. gr. laga nr. 70/1931, 100 króna sekt í ríkissjóð, og komi 10 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Brot kærða Guðmundar Ögmundssonar varðar við 15. gr. laga nr. 70/1931, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 30 krónur í ríkissjóð eins og í hinum áfrýjaða dómi segir, en í stað sektarinnar komi 3 daga einfalt fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði þykir mega staðfesta. Hinir kærðu greiði hvor um sig 80 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns í hæstarétti, en allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málssóknarlaun skipaðs sækjanda í hæstarétti 80 krónur, greiði hinir kærðu in solidum.

Því dæmist rétt vera:

Kærði Þorbergur Sigurdór Magnússon, greiði 100 króna sekt í ríkissjóð, og komi 10 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði Guðmundur Ögmundsson greiði 30 króna sekt í ríkissjóð og komi 3 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði á að vera óraskað.

Kærði Þorbergur greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Jóns Ásbjörnssonar, 80 kr., og kærði Guðmundur greiði einnig málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns, Lárusar Fjeldsted, 80 krónur. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar þar á meðal 80 krónur í málssóknarlaun skipaðs sækjanda málsins fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns, Bjarna Þ. Johnson, greiði hinir kærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Þorbergi Sigurdór Magnússyni, bifreiðarstjóra, Holtsgötu 18 hér í bæ og Guðmundi Ögmundssyni, bifreiðarstjóra, Óðinsgötu 4 hér í bæ fyrir brot á bifreiðarlögum nr. 70, 1931 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina.

Þann 20. febrúar 1934 um klukkan 12.15 e. h. ók kærður, Guðmundur Ögmundsson, vörubifreiðinni R.E. 146 norður Óðinsgötu. Á sama tíma ók kærður, Þorbergur Magnússon, fólksbifreiðinni R.E. 660 suður Týsgötu og beygði þaðan niður Þórsgötu og ætlaði að aka eftir Spítalastíg niður á Bergstaðastræti.

Þegar báðar þessar bifreiðar eru á gatnamótum Óðinsgötu og Spítalastígs rakst bifreiðin R.E. 660 þá á R.E. 146 aftast undir vörupallinum. Við það rann R.E. 146 út á vinstri hlið yfir endann á Spítalastíg og út af götunni og nam staðar við símastaur, sem stendur í kverkinni við gatnamót Óðinsgötu og Spítalastígs.

Við gatnamótin utan götu voru tveir drengir að leika sér með sleða. Þegar bifreiðin rann út af götunni, rakst hún á

drengina, og annar þeirra, Björn Jónsson að nafni, kastaðist talsvert til, og varð fyrir allmiklum meiðslum. Fótbrotnaði hann og skrámaðist í andliti. Varð hann að liggja á spítala vegna fótbrotsins rúma tvo mánuði.

Um akstur bifreiðanna og sök þeirra á árekstrinum er það upplýst, að R.E. 146 ók ekki hratt, á að gizka 15 km. hraða miðað við klukkustund. Engar keðjur voru á hjólum bifreiðarinnar, enda þótt hált væri á götum þann dag, og verður að telja það ógætni af bifreiðarstjóranum að hafa ekki keðjur á hjólum bifreiðarinnar.

Ekki gaf bifreiðin hljóðmerki þegar hún kom að gatnamótunum. Þó að gatnamótin séu þannig löguð að ekki sé hættulegt að gefa ekki hljóðmerki, verður að telja það skort á fyllstu gætni að gefa ekki hljóðmerki við hornið.

Hinsvegar átti bifreiðin R. E. 146 umferðarréttinn gagnvart R. E. 660 og mátti þess vegna ætla að sú bifreið biði þar til R. E. 146 væri komin svo langt að R. E. 660 gæti komið niður Spítalastiginn óhindruð.

R.E. 660 ók ekki hratt. Hún hafði keðjur á báðum afturhjólum og öðru framhjóli.

Hún gaf ekki hljóðmerki þegar að horninu kom. Hún átti ekki umferðarréttinn og átti því að gæta fyllstu varúðar við gatnamótin.

Höggvið, sem kom á R.E. 146 við áreksturinn, var ekki mjög mikið, en vegna þess, að hálka var og R.E. 146 var keðjulaus og halli var vestur af götunni, kom sá skriður á R.E. 146 sem raun varð á.

Það verður að telja, að báðar bifreiðarnar hafi ekið ógætilega og eigi því báðar sök á slysi því, er af árekstrinum hlaut. R.E. 146 með því að vera keðjulaus og gefa ekki hljóðmerki við gatnamótin, og R.E. 660 með því, að gefa ekki hljóðmerki við gatnamótin og með því að aka með þeim hraða að gatnamótum, að ekki var hægt að stöðva bifreiðina á svipustundu ef önnur bifreið kæmi, er ætti umferðarréttinn.

Kærði, Þorbergur, hafði ekki leyfi til að stýra leigubifreið til mannflutninga, en hefir játað, að hafa gert það um lengri tíma.

Framangreint brot Þorbergs Magnússonar ber að heimfæra undir 31. gr. 3. mgr. og 48. gr. 1. mgr., sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur og 5. gr., 8. gr. og 15. gr.

1. mgr., sbr. 14. gr. laga nr. 70, 1931, og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið, hæfilega ákveðin 50 króna sekt til ríkissjóðs og komi einfalt fangelsi í 3 daga í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Framangreint brot Guðmundar Ögmundssonar ber að heimfæra undir 48. gr. 1. mgr., sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur og 15. gr. 1. mgr., sbr. 14. gr. laga nr. 70, 1931 og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið, hæfilega ákveðin 30 króna sekt til ríkissjóðs og komi einfalt fangelsi í 2 daga í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hinir kærðu greiði annar fyrir báða og báðir fyrir annan allan kostnað sakarinnar.

Dráttur sá, er orðið hefir á þessu máli, stafar af því, að drengur sá, er fyrir slysinu varð, hefir ekki orðið heill heilsu, en þar sem ófyrirsjáanlegt er enn, hve lengi hann verður lasinn vegna slyssins, þykir ekki tiltækilegt að draga lengur dómsuppkvaðningu að því er snertir refsingar hinna kærðu.

Föstudaginn 17. maí 1935.

Nr. 153/1934. **Árni Bergsson, Magnús Guðmundsson og Steingrímur Baldvinsson**

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

Þorsteini Þorsteinssyni, Þorvaldi Sigurðssyni, Sigurpáli Sigurðssyni og Þorleifi Rögnvaldssyni (Enginn).

Ómerking.

Dómur hæstaréttar.

Er mál þetta var þingfest í hæstarétti 30. jan. þ. á. var mætt í því af hálfu beggja málsaðilja og áfrýjendum þá veittur frestur í því með samþykki umboðsmanns hinna stefndu, en við næstu fyrir-